

Greinargerð

Reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands

Fjármála- og efnahagsráðherra áformar að gera breytingar á reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ). Áformaðar breytingar byggja á tillögum stjórnar stofnunarinnar, sbr. áskilnað í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992. Er þeim fyrst og fremst ætlað að auka skýrleika reglugerðarinnar og tryggja jafnræði og skilvirkni í meðferð bótamála hjá stofnuninni. Breytingarnar miða ekki að því að draga úr eða skerða bótarétt þeirra sem verða fyrir beinu tjóni í atburðum sem NTÍ váttryggir gegn frá því sem nú er, heldur er verið að reglufesta framkvæmd sem viðurkennd er og viðhöfð hefur verið í langan tíma.

Þrjár megináherslur hafa verið hafðar í huga. Í fyrsta lagi snúa breytingarnar að því að bæta skilgreiningu á því hversu mikil áhrif þurfa að verða af þeim atburðum sem teljast geta valdið tjóni á váttryggðum eignum. Í öðru lagi endurspeglar þær þá staðreynd að reglugerðin er ígildi váttryggingaskilmála fyrir náttúruhamfaratrygginguna og var því talin ástæða til að skýra betur ákvörðun tjónabóta og afmörkun tjóns. Í þriðja lagi er ætlunin að tryggja jafnræði og samræmi á milli innheimtuaðila iðgjalda NTÍ þegar kemur að skilum iðgjalda til stofnunarinnar og stuðla að umbótum í afstemmingu iðgjalda og bættri yfirsýn NTÍ yfir innheimt iðgjöld.

1. Skilgreining tjónsatburða

Áhersla er lögð á að afmarka betur áhrifasvæði jarðskjálfta og eldgosa, en það er í samræmi við ítarlegri skýringar sem þegar eru fyrir hendi varðandi afmörkun annarra atburða í reglugerðinni.

Skilgreining á öskufalli vegna eldgosa er bætt, þannig að skýrt sé að það teljist ekki bótaskyldur atburður ef aska hefur sest en berst síðar með vindi á váttryggða eign og veldur þannig skemmdum eða eyðileggingu, enda nær útilokað að meta hvort jarðefni sem fýkur á váttryggða eign hafi komið upp í nýlegu eldgosi eða ekki. Sama gildir ef öskufall veldur ekki beinu tjóni en krefst hreinsunar.

Til að auðvelda mat á bótaskyldu vegna jarðskjálfta eru sett inn viðmið fyrir stofnunina til að líta til við matið. Við matið skal NTÍ taka mið af stærð skjálfta, fjarlægð váttryggðrar eignar frá upptökum skjálfta, staðbundnum áhrifum jarðlaga, mældum

hágildum yfirborðshröðunar jarðar ef þau eru fyrir hendi og því hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þegar jarðskjálftinn átti sér stað.

Helsta ástæða þess að áformað er að kveða á um viðmið um mæld hágildi yfirborðshröðunar varðandi jarðskjálfta er mikil aukning í tilkynningum um jarðskjálftatjón frá svæðum þar sem hverfandi líkur eru á að jarðskjálftar geti verið orsök þeirra skemmda sem lýst er í tilkynningum. Mikill fjöldi slíkra tilkynninga hefur í för með sér mikla umsýslu og verulegan kostnað, auk þess sem það getur haft verulega tefjandi áhrif í stórum tjónsatburði ef mikill fjöldi tilkynninga berst utan raunverulegs tjónasvæðis.

Við undirbúning þessara breytinga var haft samráð við sérfræðinga á sviði jarðskjálftaáhrifa, bæði hjá Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði og í verkfræðideild Háskóla Íslands.

2. Ákvörðun tjónabóta og afmörkun tjóns

Þær breytingar sem lagðar eru til varðandi ákvörðun tjónabóta, miða að því að skýra betur hvað felst í því að váttryggður verði jafnsettur eftir tjónsatburð og hann var áður en atburðurinn átti sér stað. Einnig er áformað að hnykkja á því að minjagildi, sérstakt efnisval eða handverk bætist ekki nema sérstaklega sé tekið tillit til þess í brunabótamati eða með sérstakri viðbótartryggingu. Þetta er í samræmi við almenna framkvæmd bótauppgjöra á brunatjónum og verklag NTÍ fram til þessa.

Í nýlegum tjónsatburðum hefur reynt á túlkun á því hvort ákvæði sem er í skilmálum almennu váttryggingafélaganna, sem varða heimild til þess að allt að 15% búsmuna séu utan heimilis váttryggingataka, eigi líka við um váttryggingar hjá NTÍ. Því er fyrirhugað að setja inn ákvæði til að tryggja sambærilega framkvæmd almennu váttryggingafélaganna og NTÍ hvað þetta varðar.

Að fenginni reynslu úr fyrri tjónsatburðum og með hliðsjón af niðurstöðum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum var einnig talin ástæða til að skýra betur að viðgerðir á yfirborðsflötum takmarkist almennt við það rými eða þann flöt sem tjón verður á.

3. Iðgjaldaskil innheimtuaðila til NTÍ

Áformaðar eru breytingar sem ætlað er að samræma skil innheimtuaðila iðgjalda náttúruhamfaratryggingar til stofnunarinnar og einfalda uppgjör og afstemmingu iðgjalda. Núverandi reglugerð kveður á um að váttryggingafélög, sem innheimta iðgjöldin, skuli mánaðarlega gefa stofnuninni skýrslu um innheimt iðgjöld í næstliðnum mánuði og greiða iðgjöldin til NTÍ eigi síðar en fimmtánda þess mánaðar. Þrátt fyrir þessi ákvæði hafa váttryggingafélögin fram til þessa staðið með mjög ólíkum hætti að iðgjaldaskilum til NTÍ. Áformaðar breytingar gera ráð fyrir því að uppgjörstímabil iðgjalda verði einn mánuður og miði við upphaf ábyrgðar á grundvelli váttryggingarskírteinis og að gjalddagi verði fimmtándi dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Markmiðið með ákvæðinu er að greiðsluflæði frá váttryggingafélagunum til NTÍ endurspegli þá staðreynd að viðskiptavinir greiðsludreifa iðgjöldum nú í sífellt vaxandi mæli. Fyrirhugað ákvæði er sett fram eftir ítarlega greiningu á útgefnum váttryggingum og greiðsluflæði iðgjalda til almennu félaganna.

Jafnframt er lagt til að skýrar verði kveðið á um upplýsingaskyldu váttryggingafélaga til NTÍ frá því sem er í núgildandi reglugerð.

Lagt er til að þessar breytingar öðlist gildi síðar en önnur ákvæði reglugerðarinnar, eða 1. janúar 2024, svo að váttryggingafélögin hafi svigrúm til að aðlaga verklag við skil á iðgjöldum að breyttum reglum.